

Reykjavík, 25. maí 2019

Vinnueftirlitið, Dvergshöfða 2, Reykjavík

Lögreglan, Hverfisgötu 113, Reykjavík

Beiðni um að Vinnueftirlitið og/eða lögreglan grípi til aðgerða vegna yfirstandandi brota á Alþingi á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Nú hagar svo til að nefnda- og þingfundir á Alþingi hafa staðið yfir nánast samfelld sólarhringum saman. Fundað er á víxl í nefndum og í þinginu, hvíldarlaust.

Störf Alþingis eru um þessar mundir í andstöðu við *Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum*, einkum IX kafla laganna um hvíldartíma, frídaga og hámarksvinnutíma. Lögboðinn 11 klst. hvíldartími er órafjarri því að vera virtur.

Lög þessi eru vitaskuld ekki sett að tilefnislausu. Mikilvægt er að starfsmenn, ekki síst alþingismenn, geti haldið fullri einbeitingu við störf sín og bíði ekki tjón á heilsu sinni. Þá er einnig að því að hyggja að aðilar sem hagsmuna eiga að gæta og almenningur hafi tök á að fylgjast með umræðunni í rauntíma.

Málið er sérstaklega alvarlegt í ljósi þess að um sjálfan löggjafann er að ræða og með því háttalagi sem hér er vísað til er gefið í skyn að lögum þurfi bara að fylgja þegar hentar.

Förum við með bréfi þessu fram á að Vinnueftirlitið og/eða lögreglan bregðist tafarlaust við og stöðvi yfirstandandi lögbrot.

Fyrir hönd samtakanna *Orkan okkar*, Ármúla 5, Reykjavík,

Birgir Steingrímsson

Elinóra Inga Sigurðardóttir

Haraldur Ólafsson